



## Íbúðir til sölu

### Samtök aldraðra eiga alltaf forkaupsrétt

Íbúðir sem seljast á vegum Samtaka aldraðra má ekki selja hærra verði en framreiknaður byggingarkostnaður segir til um miðað við byggingavísitölu. Á kaupverðið leggst 1% sem rennur til Samtaka aldraðra í samræmi við lög félagsins. Í 12. gr. segir: Sá sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins má ekki selja hana nema stjórnin hafið áður hafnað forkaupsrétti félagsins. Þá getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt íbúð um stundarsakir ef sérstaklega stendur á. Söluverð íbúðar má aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar að viðbætti verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, en aðfráreginni hæfilegri fyrningu samkvæmt mati dómskvaddra manna, hversu oft sem íbúðarskipti kunna að verða. Tilboðseyðublöð fást á skrifstofu Samtaka aldraðra og þangað skal tilboðum skilað.

### SÖLULISTI

- 3ja herbergja íbúð merkt 0406 á 4. hæð Aflagranda 40 er til sölu. Íbúðin er 80,1 m<sup>2</sup> að stærð.
- 2ja herbergja íbúð merkt 0303 á 3. hæð á Aflagranda 40 er til sölu. Íbúðin er 69,1m<sup>2</sup> að stærð.
- 2ja herbergja íbúð merkt 0102 á 1. hæð á Dalbraut 20 er til sölu. Stærð íbúðar er 52,0 m<sup>2</sup>.
- 2ja herbergja íbúð merkt 0105 á 1. hæð Dalbraut 20 er til sölu. Íbúðin er 52,2 m<sup>2</sup> að stærð.
- 2ja herbergja íbúð merkt 0304 á 3. hæð Dalbraut 20 er til sölu. Íbúðin er 64,5 m<sup>2</sup> að stærð.
- 2ja herbergja íbúð á Bólstaðarhlíð 41 6. hæð, merkt 06-05 er til sölu. Íbúðin er 61 m<sup>2</sup>. Sérgeymsla 4,2 m<sup>2</sup> er innan íbúðar.
- 3ja herbergja íbúð merkt 0404 á 4. hæð Bólstaðarhlíð 45 er til sölu. Íbúðin er 77,4 m<sup>2</sup> að stærð.
- 2ja herbergja íbúð merkt 0401 á 4. hæð Bólstaðarhlíð 45 er til sölu. Íbúðin er 61,0 m<sup>2</sup> að stærð.
- 2ja herbergja íbúð á Bólstaðarhlíð 45, 5. hæð merkt 05-03 er til sölu. Íbúðin er 42,9 m<sup>2</sup>.
- 3ja herbergja 76,1 m<sup>2</sup>. Dalbraut 20 1. hæð merkt 01-06. Geymsla í íbúð/kj. Hillur: Hvítar plastlagðar í íb.

### Verð og skilmálar á skrifstofu samtakanna.

### NÝJAR ÍBÚÐIR Á SÖLULISTA

#### Bólstaðarhlíð 41

3ja herb. íbúð á 5. hæð, merkt 05-02 er til sölu. Íbúðin er 77,4 m<sup>2</sup>. Sérgeymsla 4,2 m<sup>2</sup> er innan íbúðar.

Á stofu og gangi er beykiparket. Korkflísar á herbergjum og eldhúsi. Vinyldúkur á baði og geymslu.

Innihurðir, skápar og eldhús eru spónlagðar með ljósum spæni. Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuhengi. Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með þvottavél og þurrkara. Bílskúr upp-hitaður með rafloagn, heitu og köldu vatni.

**Framreiknað verð er kr 24.000.000,-.**

M.v. byggingarvísitölu í sept. 495,3 stig.

#### Bólstaðarhlíð 41

3ja herb. íbúð á 6. hæð, merkt 06-04 er til sölu. Íbúðin er 77,4 m<sup>2</sup>. Sérgeymsla 4,2 m<sup>2</sup> er innan íbúðar.

Á stofu og gangi er plastpatket með eikar-áferð. Korkflísar á herbergjum og eldhúsi. Nýlegur vinyldúkur á baði. Vinyldúkur á geymslu.

Innihurðir, skápar og eldhús eru spónlagðar með ljósum spæni. Á baði er innrétting með innbyggðri handlaug. Sturtuhengi. Svölum er lokað með einingum frá Gluggum og Gardhúð. Grasteppi er á gólfi svala. Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með þvottavél og þurrkara.

**Framreiknað verð er kr. 22.860.000,-.**

M.v. byggingarvísitölu í sept. 495,3 stig.

*Bólstaðarhlíð 41 er sjö hæða hús með 32 íb. Húsið er tengt Bólstaðarhlíð 43 sem er þjónustusel á vegum Reykjavíkurborgar. Húsið var afhent til eigenda 1986-1987.*

*Húsgjald er kr 14.784,- á mánuði. Sameiginlegur húsvörður sinnir Bólstaðarhlíð 41 og 45.*

#### Dalbraut 20

3ja herb. íbúð á 1. hæð, merkt 01-06 er til sölu. Íbúðin er 76,1 m<sup>2</sup>. Sérgeymsla er innan íbúðar með hillum.

Á stofu, eldhúsi og gangi er beykiparket. Parfnast viðhalds. Á herbergjum og geymslu eru korkflísar. Vinyldúkur á baði.

Innihurðir og skápar eru spónlagðar með ljósum spæni. Hurðir í eldhúsi eru með plastdúk. Í eldhúsi er Electrolux eldavél og vífta frá AEG. Handlaug í baðherbergi er innbyggð í borðplötu. Tengimöguleiki fyrir þvottavél. Sturtuhengi.

Hluta svala er lokað með tvöföldu gleri í álstoðum. Á svalagólfi er grasteppi og flísar. Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er í kjallara.

**Framreiknað verð er kr. 23.140.000,-.**

M. v. byggingarvísitölu í sept. 495,3 stig.

*Dalbraut 18-20 er fimm hæða hús með 47 íb. Þjónustusel er í Dalbraut 18-20 sem Reykjavíkurborg á og rekur. Húsið var afhent til eigenda 1999. Sameiginlegur húsvörður sinnir Dalbraut 18 og 20.*

#### Sléttuvegur 23

3ja herb. íbúð á 3. hæð, merkt 03-04 er til sölu. Íbúðin er 92,9 m<sup>2</sup>. Sérgeymsla er í kjallara með hillum.

Á stofu, herbergjum og gangi er beykiparket. Á gólfi baðherbergis, anddyris og þvottahúss eru flísar. Innihurðir, eldhús og skápar eru spónlagðir með eik.


Í eldhúsi er Electrolux bakaraofn í borðhæð, keramik helluborð, vífta, uppþvottavél og ísskápur með frysti. Veggir í baðherbergi eru flísalagðir í 210 sm hæð. Handlaug í baðherbergi er innbyggð í innréttingu. Sturtuhorn er úr hertu gleri. Þvottahús er inn af eldhúsi með ræstivask og hillurekka. Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er í kjallara. Sameiginlegur salur fyrir Sléttuveg 19-21-23 er á 1. hæð. Salur fyrir líkamsrækt er í kjallara.

Svalir er lokaðar með hertu gleri frá Gluggum og Brautum. Svalagólf er flísalagt. Stæði í upphitðu bílskýli fylgir íbúðinni. Húsið er einangrað að utan og klætt með áli.

**Framreiknað verð er kr 29.450.000,-.**

M. v. byggingarvísitölu í sept. 495,3 stig.

*Sléttuvegur 19-21-23 er 4/6 hæða hús með 70 íb. Sameiginlegur salur tengir húsin saman. Húsið var afhent til eigenda 2007. Sameiginlegur húsvörður sinnir Sléttuveg 19-21-23.*





## Umræðan

Erling Garðar Jónasson

Bjarni Þórðarson tryggingarstærðfræðingur skrifaði nýverið grein um sem sýnir glöggst hvað viðkvæmt er að auka skatttöku af sparnaði á þeim forsendum sem fjármagnstekjuskatturinn er byggður á, ásamt þeim áhrifum sem slík hækkun hefði á skerðingar tryggingarbóta eldri borgara. Bjarni segir;

„Þeir sem halda að þeir geti margfaldað innheimtan fjármagnstekjuskatt með margfeldishækkun skattprósenta fara villir vega og vita ekki hvað þeir eru að gera. Fyrir daga lækkunar fjármagnstekjuskatts fylgdi skattprósenta hinni almennu skattprósentu og gaf ríkissjóði sáralitlar tekjur og latti fólkið til sparnaðar sem efnahagslífið mátti síst við. Þannig mun aftur fara verði sú óheillabraut farin sem fararstjórinn í óvissuferð ríkisstjórnarinnar var að vísa til á dögnum. Fjármagnstekjuskattur er ekki aðeins greiddur af vöxtum, hann er einnig greiddur af verðbólgu. Tökum einföld dæmi. Maður sem á innistæðu á verðtrygðum reikningi, til að mynda eina milljón króna og fær fjögurra prósentu vexti, fær sem sagt 40.000 krónur í raunvexti á árinu. Hann fær jafnframt verðtryggingu svo höfuðstóllinn haldi gildi sínu. (Hafi menn óverðtryggða vexti kemur verðbólguálagið fram í hærri nafnvöxtum.) Verðbólgan hefur að undanförunni verið um 15 prósent. Innistæðueigandinn hefur því fengið verðbætur á reikning sinn sem því nemur, 150.000 krónur. Af þessum samtals 190.000 krónum greiddi hann áður 19.000 krónur í fjármagnstekjuskatt. Með öðrum orðum greiddi hann 19.000 króna skatt af 40.000 króna vöxtum eða tæplega 50 prósent. Raunvextir hans af sparnaði sínum voru því rétt rúm tvö prósent. Eftir að ríkisstjórnin hækkaði fjármagnstekjuskattinn um 50 prósent, úr 10 prósentum í 15 prósent greiðir innistæðueigandinn í þessu dæmi 28.500 krónur í skatt af 40.000 króna raunvöxtum eða rúm 70 prósent. Nú hefur ríkisstjórnin ekki tilkynnt formlega hversu hátt hún ætlar með skattinn, en ljóst er að hún má ekki hækka hann mikið svo raunávöxtun af sparnaðinum verði orðin neikvæð“

Svo mörg voru orð sérfræðingsins, sem sagt; það er besta leiðin til að eyðileggja tilgang verðbóta kerfisins sem var að auka sparnað og ávöxtun hans í bankakerfinu, er að hækka skattprósenta fjármagnstekjuskattsins og um leið að nota skattinn til eignarnáms af sparnaði á bankainnistæðum eldri borgara.

Ef tilgangur hækkunar er sá að hækka skatta af arði af fyrirtækjarekstri eða hlutabréfum er um allt annað mál að ræða.

## Kveðið til Jóhönnu

Send var mér stikla sem Stefán Jónsson kvæðamaður kveður í uppgjöri við Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra;

Nú er ég kominn á níraðisaldur í nösunum merki ég grafarmoldarþef. Fjármálaráðherra verður þess valdur að viðnám við dauðanum lítið ég hef.

Með heilagri Jóhönnu hamast nú á mér og hirðir þá aura, sem sparað ég gat. Til ellinnar hugðist ég eiga þá hjá mér svo efni ég hefði á lyfjum og mat.

Við gamlingjar höfum víst breiðustu bökin og brugðist því getum við álagahríð. Á okkur dæmist á sukkinu sökin og svelta því megum um ókomna tíð.

Andmæla réttur mér engin er gefinn því ei mátti verða á framkvæmdum töf, hjá ríkisstjórn Jóhönnu reiddur var hnefinn svo rétt hef ég hvorki á kistu né gröf.

## Bygging húsanna nr. 29 og 31 gengur vel

Í húsunum verða 58 sérhannaðar íbúðir fyrir eldri borgara, tveggja og þriggja herbergja 83-123 fermetra með rúmgóðu stæði í velbúinni bílgeymslu, samkomusal, og víðum og góðum glerjuðum svalagöngum. Þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar verður á næstu lóð í samvinnu við DAS með mötuneyti, hjúkrunar og heimilisþjónustu. Nýverið var haldin fundur með forseta borgarstjórnar og fulltrúum hans þar sem fram kom að þjónustumiðstöðin verði tilbúin til notkunar eftir 20 mánuði. Stefnt er að afhendingu íbúða í desember á næsta ári.

## Enn eru nokkrar íbúðir lausar

Verið velkomin á skrifstofu samtakanna til skrafs og ráðagerða um félagsmál og öll önnur hagsmuna mál okkar.